

Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

36. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn Miðvikudaginn 5. desember 2018

kl. 08:15 í fundarsal Brunavarna Suðurnesja bs. Hringbraut 125, Reykjanesbæ

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Gestur fundarins: Elísabet Pálmadóttir frá Inspectionem

Fundargerð.

Formaður setur fundinn.

1. Fjárhagsáætlun 2019-2023.

- Jón fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir árin 2019 – 2023. *Stjórn samþykkir tillöguna.*
- Viðauki við fjárhagsáætlun 2018: Hækkun útgjalda 2.710 þús. *Stjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun.*
- Breyting á liðum er 4.060 þús. þar af eru 1350 þús. færð á milli liða til lækkunar og 2710 þús. er hækkun á útgjöldum sem er tekin af hækkun tekna vegna sjúkraflutninga. Nýr samningur vegna sjúkraflutninga hækkaði um 13 milljónir umfram fjárhagsáætlun fyrir árið 2018.

2. Lántaka.

„Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 550.000.000 mkr., til allt að 55 ára. Er lánið til að fjármagna byggingu nýrrar slökkvistöðvar í Reykjanesbæ. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr 3.gr laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr 150/2006.

Jafnframt er Jóni Guðlaugssyni, 490775-0569, slökkviliðsstjóra, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Brunavarna Suðurnesja bs., að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð Reykjanesbæjar, sveitarfélagsins Voga og Suðurnesjabæjar, sbr. heimild í 2. mgr. 69 gr. Sveitastjórnarlaga nr. 138/2011 og setur sveitarfélögin til tryggingar tekjur sínar sbr. 2.mgr 69.gr. sömu laga“.

Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun.

3. Staða fjármála.

- Jón Guðlaugsson fór yfir rekstur BS bs. Rekstur er samkvæmt áætlun.

4. Ný reglugerð um starfsemi slökkviliða. Jón fór yfir ný samþykkt reglugerð um starfsemi slökkviliða sem mun hafa í för með sér kostnaðaraukningu til framtíðar fyrir Brunavarnir Suðurnesja.

5. Skýrsla slökkviliðsstjóra. Frestað til næsta fundar.

6. Áhættumat og áhættugreining á Keflavíkurflugvelli og Helguvík.

Elísabet Pálmadóttir frá Inspectionem fór yfir helstu niðurstöður skýrslunnar. Ljóst er að víða er þörf á úrbótum í brunavörnum og eldvarnareftirliti hjá fyrirtækjum á Keflavíkurflugvelli og í Helguvík. Stjórn samþykkir að fela stjórnarformanni og slökkviliðsstjóra að hafa samband við ofangreind fyrirtæki og kynna helstu niðurstöður skýrslunnar.

7. Önnur mál. Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 10:45